

88  
25. okt.

## REGLUGJÖRÐ

um

### bifreiðatryggingar.

Samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 um notkun bifreiða og lögum nr. 56, 14. júní 1929 um breyting á þeim lögum, er sérhverjum bifreiðaeiganda gert að skyldu að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, að halda við tryggingu að upphæð 10000 kr. fyrir hverja bifreið, og á sama hátt 5000 kr. tryggingu fyrir hverja tvihjólábifreið og þær þríhjóla bifreiðar, sem ætlaðar eru einum manni, til greiðslu, eins og til hrekkur, á hverri skaðabótakröfu, sem þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum.

Með tilvísun til þessa, ákveður atvinnumálaráðuneytið eftirfarandi reglur um framkvæmd laganna, og tilkynnir jafnframt, að tryggingarfélögum, sem, með skriflegri umsókn til ráðuneytisins, sækja um viðurkenningu til þess að taka að sér slíkar tryggingar, muni, að öllum jafnaði, af atvinnumálaráðuneytinu verða sett eftirfarandi almenn skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu:

#### 1. gr.

Tryggingarfélag skal, þegar það tekur að sér tryggingu fyrir bifreið, gera það þannig, að það beri alla þá áhættu, sem bifreiðaeiganda samkvæmt fyrirmælum ofangreindra laga er skylt að tryggja, og að vanrækslu á skuldbindingum þess tryggða gagnvart félaginu, heimili á engan hátt félaginu að neita greiðslu til þess, sem á rétt á skaðabótum. Svo framarlega sem tryggingarskírteini þau, sem félagið notar, bera það ekki með sér, hversu víðtæk tryggingin er, ber félaginu, til þess að andstæð ákvæði, sem kynnu að finnast í tryggingarskilyrðum félagsins, falli úr gildi, að rita á tryggingarskírteinið að tryggingin nái til allrar áhættu, sem ræðir um í l. málsgrein. Þó er félaginu heimilt að áskilja sér rétt gagnvart þeim er trygginguna kaupir.

Tryggingin gengur í gildi, þegar félagið eða umboðsmaður þess hefir fengið tryggingarbeiðnina í hendur nema sá, er vill kaupa trygginguna, æski þess, að hún gangi í gildi á öðrum tíma.

Nú eru bætur vegna sama slyss ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur og skal þá skifta henni hlutfallslega milli þeirra, sem kröfur eiga út af slysinu. Þetta ákvæði gildir einnig þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

## 2. gr.

88

Tryggingarfélaginu er skylt að taka að sér tryggingu fyrir sér-<sup>25. okt.</sup> hvern þann tryggingarskyldan, sem leitar til félagsins og undirgengst almenn tryggingarskilyrði þess, með þeim ákvæðum, sem í þessari reglugjörd eru sett tryggingarfélögum, til þess að hljóta viðurkenningu ráðuneytisins.

## 3. gr.

Félagið má ekki segja upp tryggingarsamningi með minna en 14 daga fyrirvara og er uppsögn með skemmri fyrirvara ógild.

Nú er tryggingu sagt upp af öðrumhvorum aðilja, eða hún gengur úr gildi vegna vanrækslu á iðgjaldagreiðslu eða annara vanskila, og er þá félaginu skylt að tilkynna það lögreglustjóranum í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett.

Enda þótt tryggingin sé gengin úr gildi, ber félagið þó ábyrgð á sérhverju tjóni, sem að höndum ber innan 14 daga frá því að tryggingin gekk úr gildi, nema því að eins, að lögskipuð trygging sé keypt annarsstaðar. Sé tryggingin gengin úr gildi, áður en hlutaðeigandi lögreglustjóri hefir fengið tilkynningu frá félaginu, ber félagið ábyrgðina 14 daga frá þeim degi, er tilkynningin kom til lögreglustjóra.

## 4. gr.

Félagið skal, auk skaðabóta þeirra sem ræðir um í 17. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 og 1. gr. laga nr. 56, 14. júní 1929 um breyting á sömu lögum, greiða málskostnað þann, sem dæmdur kann að verða þeim, sem á rétt á skaðabótum.

## 5. gr.

Félagið skal til tryggingar því að það standi við lögboðnar skuldbindingar, sem það tekur að sér, afhenda atvinnumálaráðuneytinu 25.000 kr. í íslenskum ríkisskuldabréfum, eða öðrum innlendum skuldabréfum sem gild verða tekin, reiknað eftir gangverði, sem ráðuneytið ákveður. Þessi skuldabréf geymast í vörzlum fjármálaráðuneytisins, þannig að félagið hefir engan ákvörðunarrétt yfir höfuðstólnum án samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

Nú greiðir félagið ekki tryggingarkröfu, sem gjörð hefir verið á hendur því og fallin er í gjalddaga og getur þá sá sem trygginguna keypti eða sá, sem kröfu á til bóta, borið sig upp um það við hlutaðeigandi lögreglustjóra. Skal lögreglustjóri setja félaginu hæfilegan frest til þess að fullnægja skuldbindingum sínum í þessu efni og færa sönnur á það fyrir honum, að svo hafi verið gjört. Láti félagið frestinn líða án þess að fullnægja skuldbindingum sínum, ber lögreglustjóra að tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu. Ráðuneytinu er þá heimilt að selja við

**88** gangverði eða á uppboði svo mikið af verðbréfum þeim, sem ábyrgðar-  
25. okt. félagið hefir sett til tryggingar skuldbindingum sínum, sem þarf til þess  
að greiða bætur þær, sem fallnar eru til greiðslu og ber félaginu tafar-  
laust að setja ný bréf til tryggingar í stað þeirra, sem seld voru.

#### 6. gr.

Ef félagið greiðir skaðabótaféð til þess, sem tryggt hefir bifreið-  
ina, er það á eigin ábyrgð félagsins, þannig að félagið gagnvart þeim, sem  
á rétt á skaðabótunum, ber ábyrgð á sérhverju tjóni, sem hann kann að  
líða við það, að skaðabæturnar voru ekki greiddar honum.

#### 7. gr.

Skylt er félaginu að undirgangast þau skilyrði og fara eftir þeim  
reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur, um skyldutryggingar útlend-  
inga, sem samkvæmt fyrirmælum 11. gr. laga um notkun bifreiða fá  
leyfi til þess að nota bifreiðar, sem þeir hafa með sér frá útlöndum, ef  
félagið annars óskar að taka að sér slíkar tryggingar.

#### 8. gr.

Hafi félagið heimilisfang erlendis, er því skylt að hafa umboðs-  
mann hér á landi, sem hafi fullt umboð til þess að gera ráðstafanir og  
svara til saka fyrir hönd félagsins.

#### 9. gr.

Óski samábyrgðarfélag viðurkenningar atvinnumálaráðuneytis-  
ins, til þess að taka að sér lögboðnar bifreiðatryggingar, skulu félagsmenn  
bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins einn fyrir alla og allir fyrir  
einn. Úrsagnarfræstur sé eigi minni en 14 dagar, og geta félagsmenn  
ekki losnað við ábyrgðina fyr en áhættan fyrir það tímabil, sem þeir  
voru félagsmenn, er útrunnin og gerð upp að fullu.

#### 10. gr.

Hafi bifreiðaeigandi afhent lögreglustjóra merki bifreiðar sam-  
kvæmt 19. gr. þessarar reglugjörðar og óski hann að trygging falli úr  
gildi um tíma, skal félaginu skylt að taka beiðni hans um það til greina,  
ef hann jafnframt gefur félaginu yfirlýsingu um, að hann skuldbindi  
sig til þess að tilkynna félaginu jafnskjótt og bifreiðin er tekin aftur  
í notkun.

Nú er slík bifreið tekin til notkunar, án þess að félaginu sé gert  
aðvart, og ber þá tryggingarfélagið ábyrgð samkvæmt 1. gr. þessarar  
reglugjörðar. Þó hefir félagið rétt til þess að krefjast endurgreiðslu á  
skaðabótunum af bifreiðaeiganda.

## 11. gr.

88

Viðurkenningu, sem tryggingarfélagið hefir hlotið, getur at-<sup>25. okt.</sup> vinnumálaráðuneytið afturkallað á hvaða tíma sem er, án þess að það hafi í för með sér, að fé það, er félagið hefir lagt fyrir til tryggingar samkv. 5. gr. verði afhent, fyr en svo langur tími er liðinn, að eigi sé, að dómi atvinnumálaráðuneytisins, lengur ástæða til þess að álíta, að frekari skaðabótakröfur komi fram fyrir slys eða tjón, sem hefir orðið áður en viðurkenningin var afturkölluð. Þegar viðurkenning er afturkölluð, falla allar lögboðnar ábyrgðartryggingar úr gildi, og ber félaginu að endrgreiða af greiddum iðgjöldum það sem svarar því, sem eftir er af tryggingartímanum.

## 12. gr.

Félagið skal árlega senda ráðuneytinu tvö eintök af ársreikningi sínum yfir starfsemi þess á Íslandi, ásamt skýrslu um tölu og stærð útborgaðra tryggingarupphæða, svo og um innborguð iðgjöld.

## 13. gr.

Tryggingarskyldan nær til allra bifreiða, sem eru notaðar hér á landi. Undanþegnar eru þó þær bifreiðar, sem eru íslensk ríkiseign eða eign ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfélaga.

Undanþeginn er ennfremur sá bifreiðareigandi sem fullnægir fyrirmælum 3. málgr. 1. gr. laga nr. 56, 14. júní 1929, og hefir bifreiðareigandi, án samþykkis atvinnumálaráðuneytisins, engin umráð yfir höfuðstól þeirra verðbréfa, sem honum ber að afhenda lögreglustjóra.

Um vangreiðslu bifreiðareiganda á tryggingarkröfu fer á sama hátt og segir í 2. málgr. 5. gr. um vangreiðslu tryggingarfélaga.

## 14. gr.

Tryggingu skal kaupa hjá tryggingarfélagi, sem hefir hlotið viðurkenningu atvinnumálaráðuneytisins til þess að taka að sér lögboðnar bifreiðatryggingar. Atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenningu á tryggingarfélagi eða tryggingarfélögum.

Nú er viðurkenning, sem tryggingarfélag hefir hlotið, afturkölluð af atvinnumálaráðuneytinu og ber þá bifreiðaeiganda án tafar að kaupa lögboðna tryggingu hjá öðru félagi, sem hefir viðurkenningu.

## 15. gr.

Þegar skrásetning á bifreiðum fer fram, skal lögreglustjóri, áður en bifreiðareiganda er afhent skrásetningarmerki, fullvissa sig um, að fyrirmælum laganna um skyldutryggingar sé fullnægt, þannig að lögboðin trygging sé þegar keypt hjá viðurkenndu félagi fyrir bifreið-

**88** ina. Á skrána skal rita nafn þess félags, sem tryggingin er keypt hjá,  
25 okt. og númerið á tryggingarskírteininu.

Á tryggingarskírteinið skal skrifa svohljóðandi áritun: Sýnt lög-  
reglustjóra í . . . . gildir fyrir bifreið (tvíhjóla bifreið) . . . . (merki,  
bókstafir og númer bifreiðarinnar). Því næst skal lögreglustjóri án taf-  
ar tilkynna tryggingarfélaginu merki bifreiðarinnar, ef tryggingarskír-  
teinið ber það ekki þegar með sér, áður en skráning fór fram.

Sé óskað eftir að tryggingarskírteini gangi í gildi fyrir aðra bif-  
reið, eða hljóti sama bifreið annað merki, skal lögreglustjóri gefa  
tryggingarskírteininu samsvarandi áritun, sem að ofan greinir, og sjá  
um að félaginu sé tilkynnt breytingin.

#### 16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið auglýsir hæfilegan frest handa bifreiða-  
eigendum til þess að fullnægja ákvörðun reglugjörðar þessarar um  
skyldutryggingar bifreiða.

Þeir bifreiðaeigendur, sem þegar hafa látið skrásetja bifreiðar  
sínar, skulu áður en fresturinn er útrunninn, sýna lögreglustjóra trygg-  
ingarskírteini fyrir bifreiðina, og ber lögreglustjóra, eftir að hafa full-  
vissað sig um að tryggingin sé keypt hjá viðurkenndu félagi, að rita á  
skírteinið á sama hátt, sem við skrásetningu, og á skrána skal hann  
rita á skírteinið á sama hátt, sem við skrásetningu, og á skrána skal  
hann rita nafn þess félags, sem tryggingin er keypt hjá, og númerið  
á skírteininu.

#### 17. gr.

Afskráningu bifreiðar skal lögreglustjóri tilkynna því trygg-  
ingarfélagi, sem bifreiðin er tryggð hjá. Sé samtímis óskað eftir að  
flytja bifreiðina til annars lögsagnarumdæmis, ber að geta um það í  
tilkynningunni.

#### 18. gr.

Þegar lögreglustjóri, samkvæmt fyrirmælum 3. gr. fær tilkynn-  
ingu frá tryggingarfélagi um, að tryggingu sé sagt upp, eða að hún sé  
fallin úr gildi, ber honum tafarlaust að rannsaka, hvort haldið er áfram  
að nota bifreiðina hér á landi, og ef svo er, hvort fullnægjandi lögskip-  
uð trygging hafi verið keypt í stað þeirrar, sem úr gildi er fallin.

Ef slík trygging er ekki fyrir hendi, skal rannsókn samkvæmt  
14. gr. bifreiðalaganna fara fram gegn þeim, sem ber skylda til að hafa  
bifreiðina tryggða.

#### 19. gr.

Bifreiðareigandi, sem um tíma, þó ekki skemur en einn mánuð,  
notar ekki bifreið sína, skal vera undanþeginn tryggingarskyldu á

meðan, enda skulu merki bifreiðarinnar vera í vörzlum lögreglustjóra **88**  
allan þann tíma. 25. okt.

Lögreglustjóri skal, jafnskjótt og merki er afhent, tilkynna það tryggingarfélagi því, sem bifreiðin er tryggð hjá, og jafnframt skýra frá, hve lengi merkið verður í hans vörzlum. Þegar merkið er afhent bifreiðareiganda á ný, skal lögreglustjóri einnig tilkynna tryggingarfélaginu það.

#### 20. gr.

Útlendingur, sem samkvæmt 11. gr. bifreiðalaganna fær leyfi til þess að nota hér á landi bifreið, sem hann hefir meðferðis, skal vera skyldur að kaupa hjá viðurkenndu tryggingarfélagi lögskipaða tryggingu fyrir bifreið sína, og halda henni við allan þann tíma, sem hann fær leyfi til að nota bifreið sína, nema því aðeins, að hann sýni fram á, að hann hafi þegar keypt hjá tryggingarfélagi, sem af atvinnumálaráðuneytinu er viðurkennt, lögskipaða tryggingu, sem tryggir greiðslu á sérhverri skaðabótakröfu, er kann að leiða af notkun bifreiðarinnar hér á landi.

Þó skal hann undanþeginn tryggingarskyldunni ef hann afhendir lögreglustjóra verðbréf samkvæmt fyrirmælum 13. gr. þessarar reglugjörðar.

#### 21. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggir við að lögum.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vigfús Einarsson.*